



VINSTRI GRÆN

## Stjórn Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs

### Föstudagurinn 4. desember 2015

3. fundur stjórnar VG settur kl. 15.30 í Austurstræti 14.

Elín Oddný Sigurðardóttir ritaði fundargerð.

Mætt: Katrín Jakobsdóttir, Hrafnkell Lárusson, Björg Eva Erlendsdóttir, Benoný Harðarson, Jakob S. Jónsson, Ingibjörg Þórðardóttir, Elín Oddný Sigurðardóttir, Una Hildardóttir og Rósa Björk Brynjólfssdóttir. Í fjarfundarbúnaði voru Edward H. Huijbens, Björn Valur Gíslason. Áheyrnarfulltrúi EVG Þóra Elfa Björnsson. F.h starfsmanna Daníel Haukur Arnarson.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar – lögð fram og samþykkt.

2. Starfsmannamál – ráðning framkvæmdastjóra.

Björg Eva vék af fundi meðan umræða um þennan lið stóð yfir.

Katrín kynnir tillögu að ráðningu framkvæmdastjóra.

Lagt er til að ráða Björgu Evu Erlendsdóttir sem nýja framkvæmdastýru hreyfingarinnar frá og með 1. janúar 2016.

Tillagan samþykkt samhljóða.

3. Tímasetningar næsta flokksráðsfundar og landsfundar 2017.

Næsti flokksráðsfundur verður haldinn á Hallveigastöðum 6. febrúar nk. Rætt um drög að dagskrá flokksráðsfundar. Landsfundur verður í lok febrúar eða byrjun mars 2017, unnið að því að finna fundarstað í Reykjavík.

Una tók sæti á fundinum kl. 16.15.

4. Skipun lagabreytingarnefndar.

Rósa Björk tók sæti á fundinum kl. 16.17.

Lagt er til að lagabreytingarnefnd verð skipuð Hrafnkeli Lárussyni, Jakob S. Jónssyni og Unu Hildardóttur. Hópurinn starfar með framkvæmdastóra fram að næsta flokksráðsfundi sem verður þann 6. febrúar 2016.

5. Málefnaþópar og hópstjórar.

Katrín og Elín funduðu með hópstjórum málefnaþópa eftir landsfund. Flestir til í að halda starfinu áfram milli landsfunda. Hópstjórar og starfssemi málefnaþópa verður kynnt á heimasíðu hreyfingarinnar og á póstlista.

Stjórn felur Atvinnumálahópi að hefja vinnu við drög að ferðamálastefnu í samráði við Umhverfishóp.

## 6. Fjárhagsáætlun 2016

Una kynnir drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2016. Umræður um hana.

Fjárhagsáætlun 2016 samþykkt.

## 7. Forvalsreglur

Edward kynnir þá hugmynd að forvalsreglur verði yfirfarnar með það að markmiði að hægt verði að nota rafræna kosningu í forvölum hreyfingarinnar. Ákveðið að málið verði tekið til umfjöllunar á flokksráðsfundi sem fyrirhugaður er í ágúst 2016.

## 8. Önnur mál

### a. betri.vg.is

Ritara ásamt innleiðingarhópi betri.vg.is , Daníel Hauk, Rósu Björk, Bjarkey og Sóleyju Björk falið að koma með skýrslu og kynningu á vettvangnum betri.vg.is á næsta stjórnarfund.

Stjórnarmenn hvattir til að setja hugmyndir inn á betri.vg.is.

### b. Málþing um efnahagsmál

Formanni, varaformanni, ritara og gjaldkera falið að vinna að undirbúningi málþings um efnahagsmál og koma með drög að dagskrá fyrir næsta stjórnarfund.

Fundi slitið 17.25.